

Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Louis Charles Maillard, skipstjóri á botn-vörpuskipinu »Liberté« frá Fécamp, greiði 1800-króna sekt til landssjóðs og allan sakarkostnað fyrir undirrétti og yfirdómi; þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors.

Veidarfæri nefnds skips skulu vera upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu þessa dóms og honum að fullnægja með lagaaðför.

Mánudaginn 4. maí.

Nr. 61/1913.

Ísólfur Pálsson

gegn

Eiríki Torfasyni.

D ó m u r :

Með konunglegu leyfisbréfi, dags. 26. ágúst 1911, var Ísólfi Pálssyni organleikara, áfrýjanda þessa máls,

veittur einkaréttur á Íslandi, til að gera og láta gera netakúlur með auga, eins og þær, er lýst var í skjali og uppdrætti, sem fest var við leyfisbréfið. Fyrir brot á nefndum einkarétti höfðaði áfrýjandi mál þetta fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn stefnda Eiriki hjeppstjóra Torfasyni í Bakkakoti, til skaðabóta o. fl., en með dómi réttarins, uppkveðnum 29. ágúst f. á., var stefndi syknadur af kærnum og kröfum áfrýjanda og málskosnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. des. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þær, að stefnda verði með dómi bannað að búa til netakúlur slíkar, er hann hefir gert eða gera látið, og að selja þær eða hagnýta á annan hátt, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir brot á einkaréttinum, 5000 kr., eða til vara eftir mati þar til dómkvaddra manna, og til að greiða málskostnað allan fyrir undirrétti og yfirdómi, skaðlaust. Stefndi krefst hinsvegar syknunar í málinu og að fá sér dæmdan hæfilegan málskosnað fyrir báðum dómum, eftir mati réttarins.

Framangreindur einkaréttur áfrýjanda er í því fölginn, að gera eða láta gera netasteina úr beton, leir eða öðru efni, kúlumyndaða með gati eða gangi gegnum kúluna miðja og í ganginum þrepi eða stalli til viðnáms hnúti á línuspotta, sem dreginn er gegnum kúluna til að festa hana við netasteininn. Þenna rétt telur áfrýjandi stefnda hafa brotið með því að búa til netasteina í líkingu við þá, er nú var lýst. Það er nú og svo, að stefndi hefir gert netasteina úr steinsteypu þannig lagaða, að þeir eru öðrumegin kúlumyndaðir eða kollóttir, en

hinum megin með sléttum fleti kringlóttum og með gati eða gangi úr miðjum fletinum gegnum steininn í miðjan kollinn, og er gatið víðast flatarmegin, en þrengist jafnt að hinu opinu. Stefndi kannaðist við að hafa gert 1200 slíka steina og fargað 800 af þeim, án þess þó að taka borgun fyrir þá.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknum telur stefndi það fyrst, að áfryjandi hafi brotið af sér einkaréttinn, þar sem í leyfisbréfinu sé sett það skilyrði, að hann skuli hafa komið uppgötvun sinni í framkvæmd á Íslandi áður en ár sé liðið frá dagsetningu bréfsins og halda því áfram, en þetta hafi áfryjandi ekki gert, með því að netasteinar þeir, sem áfryjandi hafi gert, séu með annari gerð en ákveðið er í leyfisbréfinu. Í annan stað telur stefndi sér það til varnar, að gerðin á sínum netasteinum sé önnur en á netasteinum áfryjanda og mismunurinn svo verulegur, að eigi geti verið um eftirlíkingu að ræða eða brot á einkarétti áfryjanda.

Á sýnishorni af netasteinum áfryjanda, sem fylgir gögnum málsins, er að vísu sú tilbreyting frá lýsingu leyfisbréfsins, að gatið eða gangurinn gegnum kúluna er jafnt dregið að sér eða þrengt frá öðru opinu til hins, en enginn stallur eða þrep í gatinu, eins og gert er ráð fyrir í leyfisbréfinu. En þessi afbrigði virðast eigi svo veruleg, að áfryjandi eigi þrátt fyrir þau verði að teljast hafa fullnægt nefndu skilyrði leyfisbréfsins um framkvæmd uppgötvunar sinnar í tækan tíma með því að búa til netasteina af sömu gerð og sýnishornið, en það er víðurkent, að hann hafi gert innan árs frá dagsetningu leyfisbréfsins. Um hitt atriðið, að netasteinar áfryjanda og stefnda séu svo ólíkir, að eigi geti verið um eftirlík-

ingu að ræða, verður eigi heldur fallist á skoðun stefnda, því að þótt sá munur sé á lögun steinanna, sem að framan er lýst, þá er ljóst, að sama hugmyndin hefir ráðið gerðinni á hvorttveggja, og enginn munur virðist heldur verða gerður á nothæfi þeirra. Það verður því að líta svo á að tilbúningur netasteina, eins og þeirra, er stefndi hefir gert, fari í bága við einkarétt áfryjanda.

Þá hefir stefndi ennfremur haldið því fram, að hann hafi eigi, er hann gerði netasteinana, vitað neitt um einkarétt áfryjanda, því að ekkert hafi verið auglýst um hann í Stjórnartíðindunum eða Lögbirtingablaðinu, og stefndi hafi eigi heldur fengið vitneskju um hann á annan hátt, en enginn geti orðið sekur um brot á einkarétti, nema einkaréttur sé auglýstur á löglegan hátt, eða sá hinn sami hafi á annan hátt fengið vitneskju um innihald einkaréttarins, en hvorugu sé hér til að dreifa.

Það er viðurkennt í málinu, að einkaréttur áfryjanda hafi eigi verið auglýstur, eins og venja er til, í Stjórnartíðindunum eða Lögbirtingablaðinu. En hins vegar hefir eitt vitnið skýrt frá því, að það hafi í desembermánuði 1911 komið á heimili stefnda og sýnt honum einn af netasteinum áfryjanda og ýms skjöl þeim viðvíkjandi, þar á meðal auglýsingu frá áfryjanda (úrklippu úr blaði) um, að hann hefði falið Böðvari Jónssyni í Reykjavík að annast alla framkvæmd á tilbúningi og sölu netasteina þeirra, er áfryjandi hafði fundið upp og fengið einkaleyfi fyrir hér og í Danmörku; segir vitnið, að stefndi hafi spurt mikið um gæði steinanna, hvernig þeir væru búnir til, um blöndun efnisins og talað um, hvort nokkuð mundi segjast á því, að búa steinana til með eitthvað frábrugðinni gerð. Ennfremur segir vitnið, að stefndi hafi tekið

við skjölunum og blaðað í þeim, en það tók eigi eftir því, hvort hann las auglýsinguna. Það er og sannað, að litlu eftir að vitni þetta kom til stefnda, sem nú var frá sagt, kom fóstursonur stefnda, að ætla má í hans erindum, til nefnds Böðvars Jónssonar og falaði af honum netasteina, þó að ekkert yrði af þeim kaupum. Stefndi kannast við, að vitni þetta hafi komið til sín með netastein, er það sagði tilbúinn af áfrýjanda, en það hafi verið eftir að stefndi steypiti þá 1200 steina, er að framan getur, og gaf af þeim, og hafi hann ekki séð steina áfrýjanda áður en hann gerði það, en hann neitar því, að hann hafi séð nein skjöl hjá vitninu eða auglýsingu, eða að vitnið hafi minst á, að áfrýjandi hefði einkarétt til að gera netasteina eins og þá, er það sýndi stefnda, eða að hann hafi haft þau ummæli um netasteina áfrýjanda, sem vitnið hefir eftir honum.

Með þessum vitnisburði er það þannig eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi búið til framangreinda 1200 eða aðra netasteina eftir að honum var kunnugt um einkarétt áfrýjanda, og verður hann því eigi talinn skaðabótaskyldur fyrir tilbúning á þeim. Og sama er um afhending þeirra, að eigi er sannað, að stefndi hafi verið vitandi um rétt áfrýjanda, er hann lét þá afhendi, og verður því eigi heldur skyldaður til að greiða áfrýjanda bætur fyrir það.

Það ber eftir þessu að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Máls-  
kostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 11. maí.

Nr. 47/1913.

Benedikt Benediktsson, Jón  
Arason, Óli J. Kristjánsson  
og Jól Friðriksson  
gegn

Ásgeiri Sigurðssyni fyrir hönd  
Edinborgarverzlunar.

D ó m u r :

Áfrýjendur þessa máls, þeir Benedikt Benediktsson bóndi í Breiðuvík, Jón Arason prestur, Óli J. Kristjánsson snikkari og Jól Friðriksson á Húsavík, tókust með skjali, er þeir undirskrifuðu 4. maí 1907, á hendur sjálf-skuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á því, að vöruúttekt (lán) alt að 2000 kr. mest í einu, sem Þórður Ingvarsson kaupmaður á Húsavík ætlaði að fá frá Edinborgarverzlun á Akureyri, yrði skilvíslega borgað samkvæmt samningi, er Þórður gengi að við nefnda verzlun. Gegn þessari ábyrgð fekk hann vörur lánaðar hjá verzluninni, en hann stóð eigi í skilum með borgun á þeim, og var skuld hans við verzlunina í októbermánuði 1908 orðin yfir 2000 kr. Var þá mál þetta af hálfu verzlunarinnar höfðað á hendur ábyrgðarmönnum fyrir gesta-